Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Bréf til og málefni bæjarstjórnar 1903-1908

## Aðfnr. 2227, örk 10


Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.



Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.



**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

# Útskript
úr
Auka- og gestarjettarbók Reykjavíkur.

* * *

Ár 1902, þ. 7. júní var aukarjettur Reykjavíkur settur á skrifstofu bæjarfógeta og haldinn af hinum reglulega dómara Halldóri Daníelssyni með vottum G. Guðmundssyni og Jóni G. Sigurðssyni. Þá var tekið fyrir

2°. Að kvedja 2 menn til að meta vegarstæði yfir Hákotslóð.

Gjörð þessi fer fram eptir beiðni bæjarstjórnarinnar, og er lóð sú, sem meta skal beint framhald til vesturs af Fischerssundi og jafnbreið því uppað lóð Guðjóns Jónssonar og Hildibrandar Kolbeinssonar. Lóðin skal metin þannig að tilgreind sje stærð hennar í □ álnum og verð á hverri □ al.

Til að framkvæma þessa gjörð kvaddi rjetturinn þá

Helga Zoëga verzlunarmann og
Kristján Ó. Þorgrímsson kaupmann.

Matið skulu þeir gjöra skriflegt, vanda

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

það eptir beztu þekkingu og samvizku
og staðfesta það með eiði ef krafist verður.
Rjetti slitið.
Halldór Daníelsson.

G. Guðmundsson.
Jón G. Sigurðsson.

*                *
Rjetta útskript staðfestir:
Halldór Daníelsson

Gjald kr. 0,25
- tuttugu og
fimm aurar -
H. D

Samkvæmt framanskrifaðri

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

6

útnefningu höfum við mælt lóð þá, er þar um ræðir, og verður hún 8 álnir á breidd til þess að mynda götu-framhald af "Fischerssundi". – Flatarmál þeirrar lóðar, sem þarf til götunnar af Hákotsgarðinum, upp að lóð Guðjóns Jónssonar og Hildibrandar Kolbeinssonar, er 178 □ álnir. –
Eptir því sem lóðir ganga nú í kaupum og sölum hjer, er það okkar álit að hæfilegt verð fyrir hverja □ alin sje 75 aurar eða samtals fyrir þessar 178 □ álnir 133 kr. 50 au. —
Virðingu þessa höfum við gjört eptir beztu þekkingu og erum reiðubúnir að staðfesta hana með eiði ef krafist verður. —

Reykjavík 13. Júní 1902

Helgi Zoëga. Kristján Þorgrímsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur




5,40 pr. alin

3
16,20



12"

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur




Bryde 7×40 = 280 □ áln. – Bankinn 7×83 = 581
5½×24 = 132
6¾=33½ = 226
Samtals 939 □ áln.

Samtals 769 □ áln.

(ɔ: 198.25 + 248.50 = Christensen 188 □ al X
149.50 + 103.05 = Thomsen 186 □ al
70 = sundið milli þeirra, sem þeir erga báðir, sinn partinn hvor)

NB Bryde lætur 280 □ áln. Bankinn lætur 939 □ áln.
fær 740 –„– fær 1245 □ –„–

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur




© Borgarskjalasafn Reykjavíkur



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skitse

Copie




Lagt fram á fundi bygginga-
nefndar Reykjavíkur 25. nóv. [illegible]
Halldór Daníelsson

Trekanten a b c findes
udenfor grundens grandselinie
(af Skönhedshensyn)

© Borgarskjalasafn Reykjavíku



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Útskript
## úr auka- og gestarjettarbók Reykjavíkur.

Ár 1903, þ. 8. maí var aukarjettur Reykjavíkur settur á skrifstofu bæjarfógeta og haldinn af hinum reglulega dómara Halldóri Daníelssyni með vottum Jóni G. Sigurðarsyni og Einari Bjarnssyni. Þá var tekið fyrir

Að kveðja 2 menn til að meta til peningaverðs rönn austan af lóð Pjeturs Hjaltesteds úrsmiðs við Laugaveg, sem ætluð er til vegarstæðis, lengingar Klapparstígs.

Dómnefning þessi fer fram eptir beiðni Pjeturs Hjaltesteds úrsmiðs sem seljanda lóðarinnar og bæjarstjórnarinnar sem kaupanda. Til að framkvæma þetta mat kvaddi rjetturinn þá

Andrjes Bjarnason söðlasmið og
Einar J. Pálsson snikkara.

Matið skulu þeir gjöra skriflega, leysa það af hendi eptir beztu þekkingu og samvizku og staðfesta með eiði, ef krafizt verður.

Rjetti slitið.

Halldór Daníelsson.

Jón G. Sigurðarson
Einar Bjarnsson.

Rjetta

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

útskript staðfestir
Halldór Daníelsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Síldar lóðir

Bráðræði o. fl.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Bærinn lætur 6061 ferálnir
fær 603 —"—
Mismunur 5458 ferálnir.




24/4-'04

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Afstanden fra P. B. Muus & Co Pakhus til Grænseskellet er:
Nederst (til Söen) 4 Al. 20"
Midten 5 Al. 18"
Qvest 5 Al. 14"

Afstanden fra H. Th. A. Thomsen Pakhus til Grænseskellet er:
Nederst (til Söen) 4 Al.
Midten 4 Al. 5"
Qvest 4 Al. 13"

Reykjavik 10. Januar 1901
Matthias Matthiasson
Einar Árnason

Vitterlighedsvidner
Árni Jónsson
Carl Finsen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

21/6

Reykjavík þ. 21. júní 1900.

Hjermeð leyfi jeg mjer virðingarfyllst að vekja athygli hinnar háttvirtu bæjarstjórnar á nokkrum atriðum, sem standa í mjög nánu sambandi við hina fyrirætluðu breikkun á Hafnarstræti austanvert.

Fyrst leyfi jeg mjer að tilkynna hinni háttvirtu bæjarstjórn, að jeg hef í hyggju að umgirða stakkstæðislóð mína með plægðri borðagirðingu máladri, en þar sem jeg hef heyrt, að veganefndin ætli að fá ræmu af stakkstæðinu meðfram Hafnarstræti norðanvert, leyfi jeg mjer að benda bæjarstjórninni á, að það verði kostnaðarminna fyrir hana að taka nú þegar ákvörðun viðvíkjandi þessari ræmu, heldur en að fresta því, þangað til jeg er búinn að girða lóðina, því þá yrði bæjarstjórnin að láta færa þessa girðingu á sinn kostnað.

Enfremur leyfi jeg mjer að benda hinni háttvirtu bæjarstjórn á annað, sem er fullt eins nauðsynlegt eins og að breikka Hafnarstræti, en það er að framlengja Lækjartorgssundið alla leið frá Hafnarstræti fram að sjó, og í sambandi við þetta leyfi jeg mjer að gera hinni háttvirtu bæjarstjórn kostaboð, sem hún ætti ekki að synja.

Það er nauðsynlegt fyrir bæinn að hafa greiðan og góðan aðgang að sjónum á þessum stað, það er nauðsynlegt að fá ofurlitla torgsmynd fyrir sveitamenn, ef ekki á að gera þá alveg útlæga frá bænum, og það er nauðsynlegt að fá laglega gangstjett fram að sjó fyrir þá mörgu bæjarbúa, sem ganga fram á stjettina við sjóinn til þess að njóta hinnar fögru útsjónar þaðan yfir höfnina og til fjallanna. Eins og nú er, er þetta fallega svæði uppfyllt af gömlu kassarusli,

Bfjm. No 671/1900.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sem dekur fyrir alla útsjón, og hinn mjói stígur fram á stjettina er ein botnlaus leðja, þegar rigningar ganga. Eina ráðið til að koma þessu í lagi er að gera almenna götu með gangstjett að austanverðu, alla leið milli pakkhúsa minna og Christensens verzlunar, niður að flæðarmáli.

Ef hin háttvirta bæjarstjórn vill fallast á að gera þetta svæði, sem liggur beint í vegi allra útlendinga, sem koma frá landshöfðingja, að einhverri hinni fallegustu bæjarprýði, á þann hátt sem áður er getið, býðst jeg hjermeð til að endurborga bæjarstjórninni allan þann kostnað, sem af þessu kann að leiða, og leyfi jeg mjer að vænta þess, að bæjarstjórnin gangi ekki fram hjá slíku kostarboði.

Eins og hinni háttvirtu bæjarstjórn mun kunnugt, hef jeg lagt mikið í sölurnar til að prýða í kringum mig, og hef látið leggja gangstjett yfir Lækjartorgið og alla leið að pósthússtræti. Auðvitað hef jeg sjálfur mikla unun af þessu, en jeg vona, að það eitt verði ekki skoðað sem ástæða til að kippa í apturhaldsstrenginn, þegar einnig er að ræða um hagsmuna fyrir bæjinn í heild sinni.

Virðingarfyllst
D. Thomsen.

Til

Bæjarstjórnar Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur




© Borgarskjalasafn Reykjavíkur



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hængsler, saaledes at der fremkommer en stor Laage, hvorigennem man kan trække Baade op paa Pladsen fra Söen.

Bekostningerne ved disse Forandringer deles ligeligt mellem os Undertegnede. Selvfölgelig skal der til de nye Stakitter bruges saa meget som muligt af Materialet fra det nuværende Grænsestakit, hvilket tilægges uden Vederlag og forbliver Muus Ejendom.

Denne Overenskomst kan opsiges fra en af Siderne med ½ Aars Varsel og skal da Opsigeren for sin Regning sætte alt i samme Stand, som det var för denne Overenskomst blev truffen. For altid at kunne konstatere, hvor det Stakit har staaet, som nu danner Grænseskellet mellem de to Ejendomme, i lige Linie fra Strandbredden til Hafnarstræti, skal Afstanden fra dette Stakit til Pakhusene paa begge Sider opmaales af vore Faktorer i Reykjavik og Maalene paaföres neden paa denne Overenskomst, som underskrives i to ligelydende Exemplarer, hvoraf hver af Kontrahenterne beholder det ene.

I Anledning af, at der af med undertegnede Thomsen i sin Tid er indgivet et Andragende til Byraadet i Reykjavik om at paa den ovennævnte Plads udlagt til offentlig Gade, skal Thomsen med förste Post til Island tilskrive Byraadet, at han tager dette Andragende og de i samme gjorte Tilbud tilbage, og det er under Forudsætning af, at dette kan lade sig göre, at ovenstaaende Overenskomst bliver afsluttet.

Kjöbenhavn 13. Novbr. 1900

H. th. A. Thomsen   B. Muus

Til Vitterlighed for begge Underskrifter

M. Christensen   A. Larsen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eptirrit.

Imellem os Undertegnede, Firmaet P. Muus & Co og Firmaet H. Th. A. Thomsen er der i dag afsluttet fölgende Overenskomst angaaende Benyttelsen af det Stykke Jord, der ligger paa begge Sider af Grænseskellet mellem vore Etablissementer i Reykjavík, begrænset mod Syd af Hafnarstræti, mod Nord af Strandbredden mod Øst af Thomsens Pakhusgavle, Plankeværk og Stakit, og mod Vest af Muus Pakhuskomplex og en Line derfra vinkelret ned paa Hafnarstræti.

Dette Jordstykke, som hidindtil har været delt paa langs af et Stakit, saaledes at enhver af os har benyttet den smalle Strimmel Jord fra Grænseskellet hen til Vedkommendes Pakhus, ere vi nu blevne enige om at benytte i Fællesskab, til vore Kunders Heste, til Opskibningsbaade om Vinteren etc.

For at iværksætte denne Bestemmelse skal der foretages fölgende:

Det omtalte Stakit, som gaar paa langs gennem Jordstykket, fjærnes helt og i Stedet der for anbringes et lignende Stakit fra det sydostlige Hjörne paa Muus Pakhuskomplexe vinkelret ned paa Hafnarstræti. Paa dette Stakit anbringes en Laage ind til Muus Staksted. Dernæst anbringes et Stakit langs med Gaden i lige Linie hen til det sydvestlige Hjörne af Thomsens Staksted. I dette Stakit ~~langs med Gaden~~ anbringes en Laage ud for Fortovet, til gaaende Personer, og en större Laage for Heste og Köretöjer. Mod Øst begrænses Pladsen som nu af Thomsens Stakit og Pakhuse, og der lægges langs denne Side et Fortov, som anlægges for Thomsens Regning. Mod Nord bibeholdes det nuværende Stakit, men en Del der af sættes paa

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur




© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur



Norðurendinn




© Borgarskjalasafn Reykjavíkur



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## Land sem Ben. Stefánsson o. fl. fá leigt til fiskverkunar

Með sjónum 54 al.
Suður frá sjó 149 al.
jafnhliða sjáfarströnd að ofan 146 al




$= 14.900$ □ al

1655 5/9 □ faðmar

## Landræma neðan við Ein. Vilhjálms.

132 x 10 al
og 274 al x 15 } = 603⅓ □ faðmar



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur




© Borgarskjalasafn Reykjavíkur



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Halldór Daníelsson
bæjarfógeti í Reykjavík.

Gjörir kunnugt: Að eptir beiðni bæjarstjórnarinnar ber að kveðja tvo hæfa og óvilhalla menn til að meta til peningaverðs, sem hússlóð, stykki það úr erfðafestulandi hr. Guðmundar Guðmundssonar, Grettisgötu nr. 1. 1375 ferálnir að stærð, sem bæjarstjórnin hefur samþykkt að breyta nú í byggingarlóð. Fyrir því eru hjermeð þeir:

Andrjes Bjarnason, söðlasmiður
og Bjarni Jónsson, trjesmiður

kvaddir til að framkvæma ofangreint mat, en þeir skulu semja brjeflega, leysa af hendi eptir beztu þekkingu og samvisku og staðfesta með eiði, ef krafist verður.

Til staðfestu nafn mitt og embættisinnsigli
Reykjavík 11. júlí 1905.

Halldór Daníelsson

Gjald 0.60
- [illegible] -
H. D.

BÆJARFÓGETINN Í REYKJAVÍK

Skipunarbrjef
fyrir Andrjes Bjarnason og Bjarna Jónsson, til að meta lóðarstykki.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Samkvæmt útnefningu
Herra bæjarfógetans í Reykjavík
höfum við undirritaðir skoðað
og virt til peningaverðs lóð þá
við sunnanverða Grettisgötu hér
í bænum er herra Guðmundur Guðmundsson
á, og vill breyta úr erfðafestu í
byggingarlóð að stærð 1375 ferálnir.
Þessa lóð metum við á 55 aura hverja
feralin, sem verða 756,25.

Reykjavík 13 júlí 1905

Andrés Bjarnason
Bjarni Jónsson

Til bæjarfógetans í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Halldór Daníelsson
bæjarfógeti í Reykjavík

Gjörir kunnugt: Að bæjarstjórnin hefur farið fram á, að kvaddir verði 2 skoðunarmenn og óvilhallir til að meta endurgjald úr bæjarsjóði fyrir lóðarnám í Rauðarártúni til vegarstæðis, lengingar Hverfisgötu austur í Rauðarártraðir, svo og fyrir horn það af túninu er verður milli Laugavegar og Hverfisgötu.

Fyrir því eru hjermeð þeir

Helgi Zoëga verzlunarstjóri og
Guðjón Guðmundsson búfræðingur

kvaddir til að framkvæma ofangreint mat. Skulu þeir kalla til lóðareiganda og formann veganefndarinnar fyrir hönd bæjarstjórnarinnar til að vera viðstadda matið; skulu þeir ljúka því af hendi eptir beztu þekkingu og samvizku, og staðfesta með eiði, ef krafist verður.

Til staðfestu nafn mitt og embættisinnsigli.

Reykjavík 7. maí 1904.

Halldór Daníelsson

Gjald Kr. 0.60 –
sextíu aurar –
H.D.

BÆJARFÓGETINN
Í REYKJAVÍK

Sjá hinumegin

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Með því að framannefndir matsmenn hafa ekki getað orðið ásáttir um matsgjörðina er hjermeð Bjarni Jónsson trjesmiður kvaddur 3. matsmaður til þess ásamt þeim að fyrirtaka matið og gjöra það. Skal hann leysa starf þetta af hendi eptir beztu þekkingu og samvisku og staðfesta gjörðina með eiði, ef krafist verður.

Til staðfestu nafn mitt og embættisinnsigli

Bæjarfógetinn í Reykjavík 24. maí 1904.

Halldór Daníelsson

Gjald 30 - þrjátíu - aurar
H. D.

BÆJARFÓGETINN
I REYKJAVÍK

\# \# \#

Eptir nákvæma yfirvegun höfum við undirskrifaðir, Helgi Zoëga og Bjarni Jónsson, komið okkur saman um að meta endurgjald fyrir framanskrifaðan part úr Rauðarártúninu þannig:

Eptir frásögn eigandans að Rauðará gefur sá partur af túninu, sem fyrirhugaður er undir framhald af Hverfisgötu ásamt horni því sem væntanlega verður á milli gatnanna, í hverju meðalári af sér

dagsláttan

20 hesta af töðu á 160 ℔, alls 3200 ℔, sem eptir algengri sölu er hæfilegt að reikna á 50 au. fyrir hver 16 ℔, alls Kr: 100.00

Haustbeit á tvíslegnu túni álítum við hæfilega borgaða með 2.00

Tekjur alls Kr: 102.00

Allan kostnað álítum við sanngjarnt að reikna . . 55.00

Netto tekjur af dagsláttunni Kr: 47.00.

Samsvara þá tekjurnar, miðað við sömu vexti og fást af bankavaxta-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

bjefum, 1044 Kr. 44 aurum dagsláttan eða 12,89 aura virði hver □ alin.

Eptir beztu þekkingu og samvizku og undir eiðstilboð álítum við því hæfilegt endurgjald fyrir þann part af Rauðarártúninu sem okkur hefur verið fyrirskipað að virða – sem hún hæfilega borgað með

<u>12 Krónum 89 aurum hverjar 100 □ álnir.</u>

Reykjavík 26. Mai 1904.

Helgi Zoëga. Bjarni Jónsson

Eg undirritaður hefi eigi getað orðið samdóma ofanskráði matsgjörð. Eg sé eigi fært að reikna töðu af vel ræktuðu túni – sem hér er um að ræða – minna en á 3½ eyri pundið, því þótt taða sé alment seld hér í Reykjavík á 50 aura lispd. þá ber þess að gæta að það er – og hlýtur að vera – í flestum tilfellum miður góð taða. Nú er íslenzk taða afar mismunandi eftir því meðal annars af hvað vel ræktuðu landi hún er, eins og sjá má á efnafræðisrannsóknum þeim sem þegar eru gjörðar. Eg álít því ekki gjörlegt að reikna töðu af umræddu landi minna en á 3½ eyri pd. því og þegar er sagt, og með því að eg og meðmatsmenn mínir höfum komið okkur saman um önnur atriði matsgjörðarinnar, álít eg rétt að meta □ alinina í landi því er hérræðir um <u>á 16 aura.</u>

Reykjavík 27 maí 1904

Guðjón Guðmundsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

15/6

Með brjefi herra bæjarfógetans 3. þ. m. hef jeg meðtekið eptirrit af matsgjörð þeirri sem fram er farin á þeim parti Rauðarártúns sem ætlað er undir framhald Hverfisgötu, og sem bæjarstjórnin fyrir sitt leyti vill una við.

Í erfðafestubrjefi til landlæknis Schierbecks fyrir Rauðará, útgefnu 5. nóv. 1887, snerta ákvæðin í 2. og 3. lið þetta efni og skulu þeir liðir hjer tilfærðir:

2. Bæjarstjórn Reykjavíkur er heimilt að láta leggja hinn svokallaða „Laugaveg" yfir Rauðarártún ofanvert, innan girðinga þeirra, sem þar eru nú reistar, án nokkurs endurgjalds til kaupanda fyrir lóðarmissi.

3. Ef þörf skyldi vera fyrir Reykjavíkurbæ að láta útvísa byggingarstaði á Rauðarártúni, skal kaupandi skyldur að láta af hendi lóð á túninu, sem til þess kann að þurfa, gegn afslætti í árgjaldinu eptir óvilhallra manna mati.

Með ákvæði 2. liðar er sjálfgefið, að frekari skylda er ekki lögð á eiganda erfðafestulandsins til að láta af hendi lóð til vega án fulls endurgjalds, en þar greinir, og að því er 3. lið snertir, þá var það að jeg veturinn 1894-95 sneri mjer til bæjarstjórnarinnar út af sjávarbroti á landi mínu, sem bakaði mjer nokkurn kostnað til varnar; fjekk jeg þá svolátandi svar, dagsett 8 febr. 1895. „Út af þessu gefst yður til vitundar, að með því að hjer er um erfðafestuland að ræða, sem ekki er bæjarins eign, álítur bæjarstjórnin sjer eigi fært að leggja neitt af kostnaði þessum á bæjarsjóðinn" En um leið og bæjarstjórnin gaf þessa yfirlýsingu, samþykkti hún breytingu á

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

erfðafestubrjefi mínu, og er það nýja ákvæði á-
teiknað á erfðafestubrjefið af herra bæjarfógetanum
þ. 29. april 1895, og hljóðar það svo:
Bæjarstjórnin hefur samþykkt þá breytingu á tölulið
3 hjer að framan, að fyrir lóðarnám af erfðafestu-
landinu skuli koma fullt endurgjald eptir óvilhallra
manna mati og að auki tiltöluleg niðurfærsla á
erfðafestugjaldinu.

Hjer eru þá skýr og glögg ákvæði hvað lóðar-
nám snertir af erfðafestulandi mínu, og „fullt endur-
gjald eptir óvilhallra manna mati" getur eigi
þýtt annað en það sennilega gangverð lóðarinnar,
sem nema á, eins og hana má nytja þar fram
með veginum. Matið er að engu bundið nje ein-
skorðað á nokkurn veg við ræktun eða afurðir
grassins.

Bæjarstjórninni er kunnugt, að jeg hef austan
við Rauðarártraðir í alóræktuðu stykki, svo mun
lengra frá bænum, selt hverja alin á 20 aura, og
hef fyrir satt, að gegnt mjer að innanverðu við traðirnar
meti bæjarstjórnin sjálf landið í Grjótholtinu 20 aura
næst Laugavegi, og af öllum þessum ástæðum get jeg
eigi unað við þetta mat, sem nú er framfarið, en
verð að krefjast nýs mats, og að mat það fari
fram eingöngu eptir því gangverði sem þar má ætla
að sje á landi; tel jeg mig hafa þar til alveg ótvíræða
rjettarkröfu, samkvæmt áðurritaðri ákvörðun bæjar-
stjórnarinnar.

Rauðará 11. júní 1904

Vilhjálmur Bjarnarson

Til

bæjarstjórnarinnar í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

BÆJARFÓGETINN Í REYKJAVÍK.

Reykjavík 23. d. júní mán. 1904.

Gagnvart kröfunni hr. Vilhjálms Bjarnarsonar út af undirmati á vegarstæði yfir Rauðarártún er því haldið fram af hálfu bæjarstjórnarinnar, að það mat sje byggt á rjettum grundvelli. Misskilningur hr. Vilhj. Bjarnarsonar er því fólginn, að hann vill láta meta Rauðarárland sem byggingarlóðir, en til þess er engin heimild. Landið er útvísað og honum afsalað sem erfðafestuland einvörðungu til ræktunar, og hann hefur eigi fremur en aðrir erfðafestueigendur hjer í bænum vald til að breyta því í byggingarlóðir, nema því aðeins, að bæjarstjórnin veiti honum undanþágu frá erfðafestuskilmálunum. Þetta liggur beint í því, að erfðafestulandseigendum er gjört að skyldu að halda landinu ávallt í góðri rækt svo það níðist ekki eða gangi úr sjer, og liggur við missir landsins, ef út af bregður. Gjaldið af erfðafestulöndunum er miðað við þessi takmörkuðu eignarafnot, þar sem það er sett miklum mun lægra en hið lögákveðna gjald af byggingarlóðunum. Tilgangur bæjarstjórnarinnar með útvísun erfðafestulanda hefur frá upphafi ekki

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

annar en sá, að fá land bæjarins að stað, en það hefur, einsog mörgum má geta, aldrei verið hugsunin hennar að útvísa og afsala einstökum mönnum margar dagsláttur til byggingar-lóða. En allt fyrir þetta eru þó erfðafestulöndin eign hlutaðeigenda. Þeir einir hafa umráð og eignarafnot af þeim meðan þeir uppfylla erfðafestuskilmálana, og þeir mega selja þau og veðselja, auðvitað ekki með frekari rjettindum en þeir sjálfir hafa. Það er því enginn stuðningur fyrir málstað hr. Vilhj. Bjarnarsonar, að bæjarstjórnin hefur viðurkennt Rauðarártún eign hans, nje heldur hitt, að bæjarstjórnin hefur veitt honum þá ívilnun í erfðafestuskilmálunum, að hann fái fullt endurgjald fyrir lóðarnám undir hús, því þar er skiljanlega átt við fullt endurgjald fyrir hið ræktaða land, sem hann annars átti alls ekkert endurgjald að fá fyrir, þó að það væri tekið til húslóðar, en ekki við endurgjald fyrir byggingarlóðir, sem landið alls ekki er, fyr en samþykki bæjarstjórnarinnar kemur til. – Þá skírskotar hr. Vilhj. Bjarnarson til þess, að hann hafi selt lóð til byggingar í erfðafestulandi sínu fyrir 20 aura hverja feralin, en við það er að athuga, að hann fjekk til þess leyfi bæjarstjórnarinnar, sem honum var birt með brjefi mínu 20. f. m.. Það

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

er satt, að bæjarstjórnin hefur ákveðið að selja fyrst um sinn lóðir kringum Rauðar-ártúnin fyrir 10–20 aura hverja feralin, þá að hún hafi enga alin selt enn, en þegar að því kemur verða lóðirnar seldar sem byggingar-lóðir; yrðu þær seldar á erfðafestu til ræktunar, mundi alls enginn borgari verða betur fyrir þær önnur en árlegt erfðafestugjald til bæjar-sjóðs.

Samkvæmt því sem hjer er tekið fram getur bæjarstjórnin ekki viðurkennt að mat á erfðafestulöndunum verði rjettilega byggt á öðrum grundvelli en undirmatið

Halldór Daníelsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Halldór Daníelsson

bæjarfógeti í Reykjavík

Gjörir kunnugt: Með því að Vilhjálmur Bjarnarson bóndi á Rauðará, hefur krafist yfirmats á vegarstæði, sem bæjarstjórnin hefur ákveðið að taka lóðarmanni til framhalds Hverfisgötu yfir Rauðarártún, og metið var af tilkvöddum mönnum 26. f. m., þá eru hjermeð skipaðir til að framkvæma þetta yfirmat sem hæfir menn og óvilhallir, þeir

Geir Zoëga kaupmaður

Gunnar Einarsson kaupmaður

Magnús Blöndal trjesmiður og

Þorsteinn Guðmundsson skipsútgerðarmaður.

Þeir skulu semja skriflegt mat, vanda það eptir bestu þekkingu og samvisku og staðfesta með eiði, ef krafist verður.

Undirmatsmönnunum, Helga Zoëga kaupmanni, Bjarna Jónssyni trjesmið og Guðjóni Guðmundssyni búfræðingi, skal gefinn kostur á að vera við matið.

Til staðfestu nafn mitt og embættisinnsigli.

Reykjavík, 22. júní 1904.

Halldór Daníelsson

Gjald kr. 1.20 — einkróna og tuttugu aurar — H. D.




Skipunarbrjef

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

handa Kaupmanni Geir Zoëga, Kaupmanni Gunnari Einarssyni, trjesmið Magnúsi Blöndal og skipsútgerðarmanni Þorsteini Guðmundssyni, til þess með yfirmati að virða til endurgjaldsvegarstæði í Rauðarártúni.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Við undirskrifaðir höfum samkvæmt skipunarbrjefi Bæjarfógetans í Reykjavík dagsettu 22 júní s. l. framkvæmt yfirmat á vegarstæði því sem bæjarstjórnin hefir ákveðið að taka lóðarnámi til framhalds Hverfisgötu yfir Rauðarártún.

Viðstaddir við matið voru af þeim sem áður höfðu matið hið sama, Helgi kaupmaður Zoéga og Bjarni hjeraðsdómur Jónsson; en búfræðingur Guðjón Guðmundsson var í ferðalagi og gat því ekki verið til staðar.

Það er samhuga álit okkar:

1. að dagsláttan af hinni umræddu lóð geti ekki álitist að gefa meira af sjer í hverju meðalári en 20 hesta (à 160 ℔) eða 3200 ℔ af töðu.
2. að töðuhestinn eða hver 160 ℔ af vel=verkaðri góðri töðu sje hæfilegt að meta á 5 krónur.
3. Að haustbeit í túnslegnu túni sje sennilegt að telja 2 krónu virði fyrir hverja dagsláttu.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

4. Að í umræddu tilfelli sje sanngjarnt að meta allan kostnað á hverri dagsláttu um árið, 55 Krónur.

5. Að ársvexti af hverjum hundrað krónum, sje rjettast að miða við vexti þá er fást af bankavaxtabrjefum, eða fjóra og hálfan af hundraði.

Þannig metum við samkvæmt framanskrifuðu.

Brutto tekjur af hverri dagsláttu 102,00
en allan árlegan kostnað á dagsláttunni 55,00
Netto tekjur því . 47,00

sem þá vextir eru reiknaðir 4½ %, samsvarar upphæðinni Kr. 1044, 44 aurar fyrir dagsláttuna eða 8.100 ferálnir, sem er sama sem 12 89/100 eyrir fyrir hverja feralin.

Við höfum gengið út frá því að gjaldið til bæjarins af hinu umrædda erfðafestulandi verði fært niður hlutfallslega, miðað við víðáttu þess.

Framanskrifað mat sem við höfum gjört eptir beztu þekkingu og samvizku erum við reiðubúnir til að staðfesta með eiði ef krafist verður.

Reykjavík 5 júlí 1904

G Zoëga
Gunnar Einarsson
J. Gudmundsson
Magnús Blöndahl

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur